

Skólaráðsfundur í Oddeyrarskóla 16. mars 2020

Mætt voru Arney og Jóna Kristín fulltrúar foreldra, Hekla fulltrúi nemenda, Sigurrós og Sólveig fulltrúar kennara, Bára fulltrúi annarra starfsmanna og stjórnendurnir Anna, Rannveig og Fjóla.

1. Skóladagatal.
 - Anna fór yfir hugsanlegar breytingar á skóladagatali fyrir skólaárið 2020-2021 ef fræðsluráð samþykkir ekki tvöfaldan skólaslitadag.
 - Einnig var farið yfir lokanir í frístund á næsta skólaári.
 - Skóladagatal var borið undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum skólaráðs.
2. COVID-19. Anna fór yfir skipulag skólastarfs næstu vikna sjá upplýsingar á heimasíðu skólans 17. mars 2020. Fulltrúar foreldra og nemenda segjast ekki vita annað en fólk sé almennt rólegt yfir aðstæðum. Fyrirspurn kom um tveggja metra fjarlægð milli fólks og Anna sagði sú regla gildi ekki í skólastarfi. Ítrekað var miklvægi hreinlætis og þess að minnka náði samneyti. Umræða um að skólastarf mun taka töluverðum breytingum.
3. Sundskipulag – fyrirspurn frá foreldri um skipulag sundkennslu á unglíngastigi (framhaldsumræða frá síðasta fundi). Anna fór með málið inn á fund skólastjóra og sviðstjóri fræðslusviðs tók að sér skrifa fyrirspurn til fræðsluráðs. Nokkrar umræður um sundkennslu. Sú leið sem hefur reynst best á unglíngastigi Oddeyrarskóla var að kenna sund vor og haust og þriðja íþróttatímamann yfir háveturinn.

Fjóla Kristín

skrifaði fundargerð